

Haraldur Hreinsson og Sigurjón Árni Eyjólfsson

Um biskupsembættið

Inngangur

Andspænis fjölbreytileika í trúmálum og fjölhyggju í trúarhugsun og trúarmótun verður vart við kröfu á kirkjuna um skýra stefnu og leiðsögn í lífi einstaklinga. Margir líta á kirkjuna sem athvarf fyrir gnaudi vinda hverfullar samtíðar og er það skoðun sumra að sú eða sá sem sinnir biskupsembættinu eigi að vera n.k. húsráðandi í þessu athvarfi. Ef þessar væntingar eru athugaðar nánar kemur í ljós að þær fela í sér einkum þrennt. Fyrir það fyrsta ber að nefna kröfuna um að biskup sé n.k. „forstjóri“ kirkjunnar. Allt skipulag og stjórnarform kirkjunnar hefur langt fram eftir síðustu öld mikið miðast við sveitakirkjuna og í raun og veru er kraftaverk hversu vel það hefur nýst. Auk þess hefur efnahagur og skipulag kirkjunnar tekið stakkaskiptum og eru kirkjur og söfnuðir nú stórar „rekstrarreiningar“. Samfara því er hlutverk prestsins sem „framkvæmdastjóra“ í söfnuðinum orðið miðlægt og endurspeglar sú staða mjög þá ósk innan kirkjunnar að biskupsembættið taki tillit til þessa. Í samræmi við það vilja allmargir sjá biskupsembættið sem n.k. „forstjóraembætti“ og líta svo á að biskupinn eigi að hafa fullt vald á rekstri þess „stórfyrirtækis“ sem þjóðkirkjan „á“ að vera. Spurning er hvort menn gera ekki of mikið úr þessum þætti. Í annan stað hefur áherslan á prestslega þjónustu biskupsins gagnvart prestum og söfnuðum verið miðlæg í starfi biskups (t.d. í vísitasíum). Þó nokkra þörf er að finna fyrir biskupinn sem sálusorgara presta, annarra starfsmanna kirkjunnar og þjóðarinnar í heild. Í því hlutverki á biskup að koma fram sem fremstur meðal jafningja. Loks verður maður var við kröfuna um að biskup verði að vera merkur guðfræðingur sem verji játningu kirkjunnar og taki skýra afstöðu til þjóðfélagsmála í ljósi hennar. Þessi áhersla tengist þeim skilningi að biskup sé andlit kirkjunnar út á við, sem svari spurningum samtíðarinnar jafnt í ræðu sem riti. Á Norðurlöndunum og í Þýskalandi er þessi þáttur biskupsstarfsins miðlægur.¹

Ef við tökum allar þessar væntingar saman þá er ljóst að engin ein manneskja getur risið undir þeim og óneitanlega bera þær einkenni „messíanskra“ vona enda samrýmast þær þremur embættum Krists: hinu konunglega þar sem hann er leiðtogi og stjórnandi, hinu prestlega þar sem hann er hirðir, huggandi og styrkjandi, og hinu spámannlega þar sem hann boðar vilja Guðs skýrt og skorinort. En biskup er ekki staðgengill Krists, heldur fylgir Kristi eins og allt kristið fólk.

Skipta má þeim skrifum sem hér fara á eftir upp í tvo meginþætti. Í hlutum 2–4 er að finna snöggt sögulegt yfirlit yfir þróun biskupsembættisins frá því á tímum Nýja testamentisins fram á miðaldir. Vissulega mætti fjalla í mun lengra máli um þá umfangsmiklu fræðilegu umræðu um skipulag og stjórn kirkjunnar sem fram hefur farið í aldanna rás² og

¹ Hér eru höfundar að draga saman upplifun sína og reynslu af umræðu um biskupsembættið í sögu og samtíð sem t.d. endurspeglast í hirðisbréfum biskupa, sjá umfjöllun hjá Sigurjóni Árna Eyjólfssyni, *Trú, von og þjóð* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014), bls. 441–450. Sjá einnig líflega netumræðu fyrir síðustu biskupskosningar, <http://tru.is/stikkord/biskupskj%C3%B6r>.

² Þau rit sem einkum hefur verið stuðst við hér eru eftirfarandi: Georg Schöllgen o.fl., „Bischof“, *Religion in Geschichte und Gegenwart* 1, Tübingen: Mohr Siebeck, 1998–2005 (4. útg.), dálkar 1614–1627; K. Richter og R. Manselli, „Bischof, -samt“, *Lexikon des Mittelalters* 2, München og Zürich: Artemis Verlag, 1983, dálkar 228–238; J.J. O'Rourke, „Bishop (in the Bible)“, *New Catholic Encyclopedia* 2, Detroit: Gale, 2002, bls. 410–411; F.A. Sullivan og S.K. Wood, „Bishop (in the Church)“, *New Catholic Encyclopedia*

á sér enn stað nú um stundir.³ Markmið hinnar sögulegu umfjöllunar er þó fyrst og fremst að draga það fram hvernig kristnir söfnuðir, samfélög og kirkjur hafa tekið mið af aðstæðum hverju sinni og lagað skipulag sitt að þeim á grundvelli þeirrar útfærslu á hinu kristna fagnaðarerindi sem þeir byggja trú sína á. Sú kirkjuskipan sem átti eftir að verða langlífust allra, þ.e. stigveldi vígðra þjóna með páfann í Róm á toppnum, varð til í sínu eigin sögulega samhengi og var ekki opinberuð af himni. Enda var eitt af áhugaverðari framlögum siðbótarmannanna á 16. öld hin ríka áhersla á að fagnaðarerindið væri ekki fólgið í stjórnskipan eða uppbyggingu kirkjunnar þótt það hafi stundum viljað gleymast þegar frá leið. Að þessum sögulega bakgrunni verður að huga þegar tekist er gagnrýnið á við þær væntingar sem gerðar eru til biskupsembættisins. Í hlutum 5–7 er farið nákvæmlega ofan í saumana á þeim skilningi á biskupsembættinu sem birtist í ritum Marteins Lúthers og annarra siðbótarmanna. Mikilvægt er að slíkur guðfræðilegur grunnur liggi allri umræðu um mótun og (eftir atvikum) endurmótun biskupsembættisins til grundvallar.

Biskupar í Nýja testamentinu

Orðið biskup er leitt af latneska orðinu *episcopus* en að baki því liggur gríska orðið *ἐπίσκοπος* sem má finna á fáeinum stöðum í Nýja testamentinu. Grunnmerking orðsins vísar til þess að horfa yfir eða á (gr. *ἐπι-σκοπέω*) en almennt, t.d. í Septúagintu og í klassískri grísku, vísar það til ólíkra tilsjónar- eða forstöðuhlutverka, t.d. innan ríkja, félaga eða í her. Í Nýja testamentinu kemur orðið fimm sinnum fyrir. Í 1Pét 2.25 vísar *ἐπίσκοπος* til Krists sem er, skv. íslensku biblíuþýðingunni frá 2007, þar nefndur „hirðir og biskup sálna“ þeirra sem áður voru villuráfangi. Í hin fjögur skiptin vísar það til einstaklinga sem gegndu ábyrgðarstöðu innan kristinna samfélaga, ábyrgðarstöðu sem er meðal þeirra hlutverka sem virðast hafa verið í mótun þegar rit Nýja testamentisins voru rituð.⁴ Á þeim tíma voru slíkir tilsjónarmenn margir á hverjum stað og voru kallaðir jöfnum höndum biskupar (*ἐπίσκοποι*) og öldungar (*πρεσβύτεροι*) en það orð kemur mun oftast fyrir í Nýja testamentinu en orðið biskup.

Í upphafi Filippíbréfsins (1.1) segir Páll, skv. 2007-þýðingunni íslensku, að hann biðji að heilsa „öllum heilögum í Filippí, sem eru í Kristi Jesú, ásamt biskupum þeirra og djáknum (gr. *ἐπισκόποις καὶ διακόνους*)“. Í ljósi þess hversu ólíka skírskotun orðið „biskup“ hefur í nútímamáli er orðið þýtt í mörgum erlendum biblíuþýðingum með almennari hætti sem

2, Detroit: Gale, 2002, bls. 411–417; Burton L. Mack, *Who Wrote the New Testament: The Making of the Christian Myth*, San Francisco: Harper Collins, 1996, bls. 228–250; W.H.C. Frend, *The Rise of Christianity*, Philadelphia: Fortress, 1984, bls. 398–413; Jostein Ådna (ritstj.), *The Formation of the Early Church*, Wissenschaftliche Untersuchungen zum Neuen Testament 183, Tübingen: Mohr Siebeck, 2005; Robert N. Swanson, „Apostolic Successors: Priests and Priesthood, Bishops, and Episcopacy in Medieval Western Europe“, *A Companion to Priesthood and Holy Orders in the Middle Ages*, Leiden: Brill, 2016, bls. 4–42, einkum bls. 29–36.

³ Dæmi um nýlegar rannsóknir um uppbyggingu kirkjunnar í nútímanum sjá Jan Hermelink, *Kirchliche Organisation und das Jenseits des Glaubens: Eine praktisch-theologische Theorie der evangelischen Kirche*, Gütersloh: Gütersloher Verlagshaus, 2011; Isolde Karle, *Der Pfarrerberuf als Profession: Eine Berufstheorie im Kontext der modernen Gesellschaft*, Freiburg i. Br.: Kreuz, 2011; Isolde Karle, *Kirche im Reformstress*, Gütersloh: Gütersloher Verlagshaus, 2011; Eberhard Hauschildt og Uta Pohl-Patalong, *Kirche*, Gütersloh: Gütersloher Verlagshaus, 2013. Á íslensku hefur Sigurjón Árni Eyjólfsson gert grein fyrir umfjöllun þessara rita í „Sókn og söfnuður — Fyrri hluti“, *Bjarmi* 109:1/2015, bls. 42–45; „Sókn og söfnuður — Seinni hluti“, *Bjarmi* 109:2/2015, bls. 24–28; „Prestsembættið að evangelísk-lútherskum skilningi“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 37/2013, bls. 152–183. Tilvísanir í frekari íslenska umræðu er að finna í þeim greinum.

⁴ Sjá upptalningu á ólíkum hlutverkum innan kristinna safnaða t.d. í Róm 12.4–8.

vísar fremur til umsjónarhlutverks í söfnuði og þar með reynt að fordast þau hugrenninga- tengsl sem orðið „biskup“ vekur vegna sögu embættisins.⁵ Orðið kemur síðan aftur fyrir í Postulasögunni sem var rituð áratugum eftir að Páll skrifaði Filippíbréfið, sennilega undir lok 1. aldar eða í byrjun 2. aldar. Á þeim tímapunkti sögunnar (20.17) er Páll staddur í Efesus í Litlu-Asíu og er sagður kalla saman öldunga safnaðarins (gr. τοὺς πρεσβυτέρους τῆς ἐκκλησίας) til þess að ávarpa þá og leggur höfundur textans honum m.a. eftirfarandi orð í munn: „Hafið gát á sjálfum ykkur og allri hjörðinni sem heilagur andi fól ykkur til umsjónar (gr. ἔθετο ἐπισκόπους). Verið hirðar kirkju Guðs sem hann hefur aflað sér með sínu eigin blóði“ (Post 20.28).⁶ Af þessum tveimur textum verður ekki mikið ráðið um hlutverk þeirra sem gegndu slíku umsjónarhlutverki annað en að það voru fleiri en einn einstaklingur sem gegndu slíkri ábyrgðarstöðu, einfaldlega vegna þess að í báðum tilvikum er orðið í fleirtölu.

Öðru máli gegnir um þau tvö skipti sem orðið „biskup“ kemur fyrir í tveimur af þremur svonefndum hirðisbréfum, Fyrra Tímóteusarbréfi og Títusarbréfi. Þar er mun nánari útlistun að finna á þeim siðferðilegu kostum sem skyldu prýða þann sem gegndi slíkri stöðu. Rétt er að minna á að mikill meirihluti fræðimanna lítur svo á að þessi bréf séu skrifuð seint á 1. öld (undir fölsku höfundarnafni Páls) til kristinna safnaða þegar agavald og félagslegt taumhald innan safnaðanna hefur aukist til muna frá því fyrir á öldinni og umgerð þeirra tekið á sig fastari mynd. Í 1Tím 3.2 er biskupsstarfið (gr. ἐπισκοπή) sagt vera „göfugt hlutverk“ eða „góður starfi“. Sá sem því gegnir verður að vera „óaðfínanlegur“ í allri breytni og á eftir fylgir langur listi þeirra kosta sem hann skulu prýða, s.s. einkvæni, bindindi, hógværd, háttprýði, gestrisni, o.s.frv. Hann skal vera „góður fræðari“ og heimili hans og fjölskylda skal vera til fyrirmyndar samkvæmt hinu hefðbundna fjölskyldumynstri fornaldar. Hið sama er uppi á teningnum í Tít 1.6–9 en þar er „biskup“ m.a. sagður vera „ráðsmaður Guðs“ (gr. θεοῦ οἰκονόμος) og enn fremur er ætlast til þess að hann sé „fastheldinn við hið áreiðanlega orð, sem kennt hefur verið, til þess að hann sé fær um bæði að uppörva með hinni heilnæmu kenningu og hrekja þá sem móti mæla.“ Á grundvelli þessara lýsinga hirðisbréfanna tveggja hafa margir bent á að þar megi greina hliðstæðu milli stöðu „biskupsins“ í húsi Guðs, þ.e. söfnuðinum, og heimilisföðurins (lat. *paterfamilias*) í grísk-rómversku heimilishaldi og túlka hlutverk hans í ljósi slíkra líkinda.⁷

Af ofangreindu má ljóst vera að í textum Nýja testamentisins er ekki að finna nein bein merki um „biskupsembætti“ í þeirri mynd sem það átti síðar eftir að taka á sig, þ.e. þar sem einn biskup er leiðtogi safnaðar á tilteknu svæði og enn síðar sem hluti af útfærðu stigveldi og valdakerfi (þ. *Monepiskopat*). Hlutverk biskupsins var í mótun eins og allt safnaðarfyrirkomulag á þessum tíma en gera má ráð fyrir að þar hafi verið um talsverða fjölbreytni að ræða. Ef marka má ýmsar lýsingar úr bréfum Páls má ætla að fyrst um sinn hafi fyrirkomulagið sums staðar verið frjálst og farið eftir tengslum hvers og eins við hinn heilaga anda (1Kor 12.7 o.áfr.). En eftir því sem leið á 1. öldina, svo að ekki sé talað um þegar komið er fram á 2. öld, voru söfnuðir kristins fólks knúnir til að bregðast við þeirri staðreynd að endurkoma Krists og endir tímanna virtist láta á sér standa. Smám saman tók fólk að horfast í augu við það sem koma mundi á daginn að kristnir söfnuðir þyrftu að dveljast hér á jörðu mun lengur en apókalyptískar væntingar frumkristninnar gerðu ráð fyrir. Því var ekki annað

⁵ Nokkur dæmi: „församlingsledarna“ (Svenska bibelselskabet, 2000), „tilsynsmenn“ (Norske Bibelselskab, 2011), „overseers“ (NIV, einnig gefinn upp sem möguleiki í NRSV), „Aufseher“ (Schlachter, 2000), „dirigeants de l'Église“ (FRC 97), „responsable“ (BS21, 2007).

⁶ Orðrétt mætti þýða textann með eftirfarandi hætti: „Hafið gát á sjálfum ykkur og allri þeirri hjörð sem Guð gerði ykkur að tilsjónarmönnum/biskupum með til að gæta sem hirðar söfnuðar Guðs sem hann hefur aflað sér með sínu eigin blóði.“

⁷ Georg Schöllgen, „Bischof“, dálkar 1614–1615.

í stöðunni en að koma á skipulagi. Mikilvægt er að hafa í huga að slík skipulagning var ekki einungis praktískt viðfangsefni heldur einnig trúarlegt. Skipulagið hlaut að kallast á við þann grundvöll sem trúin byggðist á og víst er að ýmsar hugmyndir voru á sveimi meðal hinna kristnu, t.a.m. áðurnefnd tengsl við heilagan anda en ekki síður hugmyndin um tengsl við lærisveina og postula.

Fornkirkjan: Upphafning biskupsins

Strax á 2. öld má sjá hvernig völd og áhrif biskupa taka smám saman að aukast. Mikilvæg heimild um þróun biskupsembættisins í átt að þeirri mynd sem það átti síðar eftir að fá á sig er ritasafn sem kallað er *Postullegu fedurnir*, en ritin sem þar er að finna voru skrifuð á bilinu 80–200.⁸ Elsta heimild um aukið biskupsvald er bréf Ignatíusar sem var biskup í Antíokkíu við upphaf 2. aldar. Í bréfum sínum til annarra kristinna safnaða gerir Ignatíus mikið úr hlýðni við biskupinn. Í bréfi sínu til Efesusmanna skrifar hann: „Gætum þess að ganga ekki gegn vilja biskupsins, til þess að við getum verið hlýðin gagnvart Guði“ (5.1–3).⁹ Síðar í bréfinu er upphafning biskupsins enn meiri þegar Ignatíus segir „að okkur ber[í] að líta á biskupinn sem væri hann Drottinn sjálfur (gr. *ὡς αὐτὸν τὸν κύριον*)“ (6.1).¹⁰ Í þessum ummælum og mörgum fleiri í bréfum hans birtist sú hugmynd sem hefur skotið upp kollinum í ýmsum myndum í gegnum kirkjusöguna að stjórnkerfi kirkjunnar eigi sér andlega eða guðlega fyrirmynd.¹¹ Í bréfi til Magnesíumanna dregur Ignatíus upp hliðstæður milli embættismannakerfisins í kristnum söfnuðum og heilagra persóna:

Ég hvet ykkur til þess að vera fús til þess að gera alla hluti í samhljóman Guðs (ἐν ὁμονοίᾳ θεοῦ), með biskupinn í sæti Guðs, og öldungana í stað postularáðsins, og djáknaana [...] sem falin hefur verið þjónusta Jesú Krists [...] Látið þannig ekkert valda sundurlyndi ykkar á meðal heldur verið sameinuð með biskupnum og forystunni (6.1).¹²

Þó að ekki sé endilega hægt að gera ráð fyrir að tilskipanir Ignatíusar endurspegli stöðu biskupsins alls staðar þegar bréfin voru rituð þá gefa þær ágæta mynd af því sem koma skyldi. Eftir því sem fram líðu stundir breiddist það fyrirkomulag út sem gerði ráð fyrir að leiðtogi kristinna samfélaga á hverjum stað kallaðist biskup og vald hans varð ekki trompað nema af öðrum biskupum eða biskupafundum og stundum alls ekki.

Á tímum fornkirkjunnar kom einnig fram sú hugmynd sem hafði verið í mótun frá því á ritunartíma Nýja testamentisins að tengsl við postulana, útfærð með ýmsum hætti, léðu biskupsembættinu trúverðugleika og áhrif. Á síðari hluta 1. aldar voru ýmis rit og bréf eignuð postulum til þess að auka gildi þeirra án þess að þeir hafi komið nokkuð nálægt ritun þeirra. Ýmsar aðrar frásagnir spunnust um postulana og lærisveina þeirra. Tilteknir biskupsstólar voru tengdir nafni þeirra og smám saman varð sú hugmynd ríkjandi að sá sem gegndi

⁸ Ritafnið dregur titil sinn af því að lengi var álitid að höfundar ritanna hefðu þekkt postulana persónulega, að þeir hefðu a.m.k. þegið leiðsögn frá lærisveinum postullanna. Titillinn kom fyrst fram hjá franska fræðimanninum J.B. Cotelier árið 1672 sem notaði latneska hugtakið *patres aevi apostolici* eða „fedur hins postullega tímabils“ í titli tveggja binda verks síns um þessi rit. Í því sem á eftir fer verður notast við útgáfu Barts D. Ehrman, *The Apostolic Fathers* 1, LCL 24, Cambridge: Harvard University Press, 2003.

⁹ *Apostolic Fathers* 1, bls. 224–225.

¹⁰ Sama rit, bls. 224–225.

¹¹ Í Ignatíusarbréfunum vilja margir þannig greina nýplátónsk áhrif í því að embættismannakerfi kristinna safnaða, sem var að taka á sig mynd á þessum tíma, eigi sér æðri og óumbreytanlega fyrirmynd sem fyrirfinnst í guðlegum veruleika frummyndanna. Sjá *Formation of the Early Church*, einkum greinar Mikaela Isacson, „Follow your Bishop! Rhetorical Strategies in the Letters of Ignatius of Antioch“, bls. 317–339, og Odds Magne Bakke, „The Episcopal ministry and the Unity of the Church from the Apostolic Fathers to Cyprian“, bls. 379–407.

¹² *Apostolic Fathers* 1, bls. 246–247.

biskupsembættinu varðveitti arfleifð postulanna og kenninguna, sem runnin var frá Kristi sjálfum. Þessi hugmynd kemur einna fyrst fram í 1. Klemensarbréfi sem er einnig hluti af *Postullegu feðrunum* og var ritað undir lok 1. aldar þar sem segir:

Og postular okkar vissu fyrir tilstilli Drottins okkar Jesú Krists, að verða myndu þrætur vegna biskupsembættisins (ἐπὶ τοῦ ὀνόματος τῆς ἐπισκοπῆς). Af þeirri ástæðu, þar sem þeir sáu fyrir hvað ætti eftir koma á daginn, þá skipuðu þeir þá sem við höfum áður nefnt og bættu því við, að myndu þeir deyja, þá myndu aðrir samþykktir menn (δεδοκιμασμένοι ἄνδρες) taka við þjónustu þeirra. Þess vegna teljum við það ekki rétt að víkja þeim frá þjónustu sem voru skipaðir af þeim, eða síðar af öðrum virðingarverðum mönnum, með samþykki allrar kirkjunnar (44.1–3).¹³

Hér erum við komin að hugmyndinni um hina postullegu vígsluröð, þ.e. að biskupsvígslan tryggi tengsl við hina postullegu hefð og uppruna kenningarinnar hjá Kristi. Væri biskupsvígsla framkvæmd utan postullegrar kirkju eða í óþökk hennar var vígsluröðin rofin en á Íslandi gerðist það með vígslu Gissurar Einarssonar Skálholtsbiskups árið 1542 og endanlega tíu árum síðar þegar Ólafur Hjaltason var vígður Hólabiskup árið 1552.¹⁴

Miðaldir: Völd og áhrif í hámarki

Á miðöldum þróaðist staða biskupsins í Vestur-Evrópu í samhljóman við þann tón sem sleginn var í síðfornöld af postullegu feðrunum og síðar hinum ýmsu kirkjufeðrum. Vissulega er erfitt að alhæfa nokkuð um hvernig biskupsvaldið var útfært því að miðaldir voru jú langar og Vestur-Evrópa víðfeðm.¹⁵ Ljóst er þó að á þessum tíma átti biskupsvaldið aðeins eftir að aukast. Ástæðan er ekki sú að grundvallarbreytingar hafi átt sér stað í guðfræðilegum efnum heldur fyrst og fremst sú að rómversk-kaþólska kirkjan þandist jafnt og þétt út og varð smám saman að einni valdamestu stofnun í Evrópu. Því olli, m.a., hrun hins veraldlega valds í þjóðflutningunum miklu þegar vest-rómverska ríkið féll og eina stofnunin sem var enn til staðar var kirkjan og þurfti hún þá að taka yfir það hlutverk sem hið veraldlega vald hafði áður haft á sinni könnu. Þetta sést einna skýrast í því að embættiskerfi keisaraveldisins er heimfært upp á kirkjuna, jafnvel embættisklæði rómverskra embættismanna voru færð upp á helgiklæðnað vígðra þjóna. Hinn guðfræðilegi grunnur sem lagður var í síðfornöld hentaði einkar vel fyrir slíka kirkjustofnun í sókn. Embættismannastigi kirkjunnar varð vissulega flóknari en áður en engra grundvallarbreytinga á honum var þörf, aðeins viðbóta. Þannig má nefna að á miðöldum voru til ýmsar gerðir biskupa, erkibiskupar (lat. *metropolitani*), stólsbiskupar og trúboðsbiskupar án stóls svo að dæmi séu nefnd. Guðfræðilega var vald biskupsins grundvallað á stöðu hans í stigveldi kirkjunnar með páfann í Róm á toppnum (lat. *episcopus episcoporum*), sem samsvaraði stöðu keisarans forðum. Biskupsvígslan bætti engu við prestsvígsluna þar sem hápunktí vígslustigans var í raun náð þegar hinn vígði þjónn öðlaðist leyfi til þess að útdeila altarissakramentinu sem hann hafði áður umbreytt í krafti vígslu sinnar. Það var staða biskupsins í stigveldi kirkjunnar sem veitti honum boðvald (og jafnvel dómsvald) yfir vígðum þjónum í þeirra umdæmi og agavald gagnvart bæði leikum og lærðum sem náði hámarki í bannfæringu fyrir alvarleg brot.¹⁶ Völd biskupsins voru þó ekki aðeins bundin við hið trúarlega svið heldur tvinnuðust þau saman við veraldleg umsvif biskupanna sem æðstu yfirmanna kirkjunnar á hverju svæði. Hér er um afar flókna

¹³ Sama rit, bls. 112–115.

¹⁴ Björn K. Þorólfsson, *Um biskupsembætti á Íslandi*, sérprent úr Skrá Þjóðskjalasafns 3, Reykjavík: [nafn útgefanda vantar], 1956, bls. 20–21.

¹⁵ Meðal áhrifamestu rita um embættisskilning miðaldakirkjunnar voru *Liber regulae pastoralis* eftir Gregor mikla páfa (540–604), *De Ecclesiasticis Officiis* eftir Ísidór frá Sevilla (560–636) og *De Institutione Clericorum* eftir Hrabanus Maurus (780–856).

¹⁶ Um bannfæringu í íslensku samhengi miðalda má fræðast í bók Láru Magnúsardóttur, *Bannfæring og kirkjuvald á Íslandi 1275–1550*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2007.

umræðu að ræða og hvorki rými né ástæða til að fara náði ofan í saumana á henni. Þó skal tekið fram að kirkjan var auðug að jarðnæði og eignum hvers konar og voru biskuparnir umráða- og ábyrgðarmenn þeirra eigna. Biskupsstólar voru miðstöðvar stjórnsýslu og viðamikillar starfsemi og oftast en ekki afar fjölmennir af staðarmönnum og þjónustuliði, svo að ekki sé minnst á alla þá vígðu þjóna sem voru þar við störf. Yfir þessum mannskap réð biskupinn og er oft talað um biskupshirð í því sambandi. Allt þetta veldi magnaði stöðu biskupsins svo mjög að völd og áhrif biskupa áttu aldrei eftir að verða jafn mikil og á þessum tíma, hvar sem gripið var niður í þjóðfélaginu. Þó að hér hafi verið farið hratt yfir sögu hefur þó verið dregin upp mynd af því sögulega, kirkjupólítíska og guðfræðilega samhengi sem siðbótarmenn á borð við Marteinn Lúther mótuðu embættisskilning sinn í og þ.a.l. skilning sinn á biskupsembættinu.

Prestsembættið að evangelísk-lútherskum skilningi

Að skilningi evangelísk-lúthersku kirkjunnar er inntak prestsembættisins að prédika fagnaðarerindið og veita sakramentin.¹⁷ Markmið siðbótarinnar var að mati Marteins Lúthers að endurreisa embættið til þessarar upprunalegu myndar.¹⁸ Öll önnur embætti taka því mið af prédikunar- eða prestsembættinu. Það er mælikvarði. Þessi frumforsenda er svo orðuð í Ágsborgarjåtningunni, 5. grein: „Til þess að vér öðlumst þessa trú, er stofnað embætti til að kenna fagnaðarerindið og úthluta sakramentunum.“¹⁹ Samkvæmt guðlegum vilja er — að evangelísk-lútherskum skilningi — aðeins til eitt embætti innan kirkjunnar, það er prédikunarembættið (lat. *ministerium ecclesiasticum*). Hér greinir lútherska kirkjan sig frá áherslum reformertra kirkna siðbótarinnar þar sem gert er ráð fyrir ólíkum embættum eins og embættum biskupa, öldunga, presta, djákna o.s.frv. Þeim skilningi hafnar evangelísk-lúthersk kirkja. Fulltrúar hennar hafa ætíð kennt að öll embætti kirkjunnar séu útfærsla á prestsembættinu, en fordást beri að túlka það of þröngt og hlekkja við prédikunarstólinn. Að mati Lúthers er allt slíkt firra og bendir á að kristnir foreldrar, kennarar, iðnaðarmenn o.s.frv. sinni þessu embætti í störfum sínum. Í Ágsborgarjåtningunni er að finna sama skilning, eins og kemur t.d. fram í áðurnefndri grein.

Þetta rökstyður Lúther með því að vísa til þeirrar staðreyndar að boðunin velur sér sjálf farvegi: „Við komum nú aftur að fagnaðarerindinu, sem á vissan hátt veitir ekki aðeins ráð og hjálp gegn syndinni, þar sem að Guð er óumræðilega ríkur í náð sinni. Í fyrsta lagi fyrir munnlegt orð sitt, þar sem fyrirgefning syndanna er prédikuð öllum heimi. Það er hið eiginlega verkefni fagnaðarerindisins. Í öðru lagi er það fyrir skírnina, í þriðja lagi fyrir hið heilaga altarissakramenti, í fjórða lagi fyrir lyklavöldin eða fyrir hið gagnkvæma bræðrasamfélag og

¹⁷ Hér er m.a. stuðst við rit Reiners Preul hvað varðar evangelísk-lútherskan skilning á biskupsembættinu, Reiner Preul, *Kirchentheorie*, Berlín: de Gruyter, 1997, bls. 88–96, 235–241. Sjá einnig Friederike Nüssel, „Zum Verständnis des evangelischen Bischofsamtes in der Neuzeit“, *Das kirchliche Amt in apostolischer Nachfolge 2: Ursprünge und Wandlungen*, ritstj. Dorothea Sattler og Gunther Wenz, Herder: Freiburg i. Br, 2006 og Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht, 2006, 145–189; Ulrich H.J. Körtner, „Kirchenleitung und Episkopé: Funktionen und Formen der Episkopé im Rahmen der presbyterial-synodalen Ordnung evangelischer Kirchen“, *Das kirchliche Amt in apostolischer Nachfolge 2*, bls. 216–240.

¹⁸ Marteinn Lúther, *D. Martins Luthers Werke: Kritische Gesamtausgabe* (Weimarer Ausgabe) 12, Weimar: Weimar, 1891, bls. 35. Hér eftir skammstafað svo: *WA* 12, 35.

¹⁹ Hér er notast við útgáfu Einars Sigurbjörnssonar, sjá „Ágsborgarjåtningin“, *Kirkjan játar*, 2. útg., Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 1991, bls. 183. Almennt um tilurðasögu texta jåtningarinnar og skýringar við hana er að finna m.a. í *Kirkjan játar*, bls. 161–252.

huggun.²⁰ Lúther taldi sjálfur að hann þjónaði best prédikunarembættinu sem skóla-meistari, á eftir prófessorsembættinu.²¹ Þannig byggist þröngur og víður skilningur á prédikunarembættinu á almennum prestsdómi að mati Lúthers. Í Ágsborgarjåtningunni er sama áhersla á almennan prestsdóm.²² Þar er kennt að kirkjan sé samfélag trúaðra um orð og sakramenti. Orðið er því forsenda prédikunarembættisins.

Í 14. grein Ágsborgarjåtningarinnar er, í þrengri skilningi, sérstaklega fjallað um hina kirkjulegu stétt, þ.e. prédikunarembættið.²³ Þar segir „Um hina kirkjulegu stétt kenna þeir: Enginn á opinberlega að kenna (þ. *öffentlich lehren*, lat. *publica docere*) í kirkjunni eða útdeila sakramentum, nema hann sé réttilega kallaður (þ. *ohn ordentlichen Beruf*)“.²⁴ Hin opinbera boðun fagnaðarerindisins (lat. *publica docere*) er hér greinilega önnur en sá almenni vitnisburður fagnaðarerindisins sem allir sinna í störfum sínum, vegna hins almenna prestsdóms sem skírinn veitir. Þessi munur er dreginn fram með orðunum „réttilega kallaður“ (þ. *ordentlichen Beruf*). Í 14. grein er ekki nánar útfært hvað nákvæmlega sé átt við með réttilega kallaður. Á það hefur verið bent að menn hafi með greininni ekki viljað fella úr gildi þá venju að biskupar settu presta inn í embætti, heldur einungis knýja á um nauðsyn þess að vald biskups verði að víkja, ef það stangast á við inntak prédikunarembættisins. Þá gildi, að fylgja beri Guði frekar en mönnum.²⁵ Í Ágsborgarjåtningunni kemur fram að þau vandræði sem kirkja og söfnuður stóðu frammi fyrir stafir af vanrækslu prédikunarembættisins. Á því beri biskupar ábyrgð m.a. vegna þess að margir þeirra vanrækja eftirlitshlutverk sitt, vanda lítt til verka við ráðningu presta o.s.frv.²⁶ Siðbótarmenn hafi því neyðst til, í krafti fagnaðarerindisins, að grípa inn í gang mála, leiðréttta stefnu kirkjunnar m.a. með því að fella kanónískan rétt úr gildi og láta söfnuðina kalla presta til starfa. Í samhengi þessa verður augljóst að þeir sem sinna boðunarhlutverkinu verða að valda því. Nauðsynleg forsenda þess er m.a. tilskilin háskólamenntun en hún ætti að tryggja að viðkomandi sé þess megnugur að boða fagnaðarerindið og útdeila sakramentunum með réttum hætti. Biskupar eru gagnrýndir af fulltrúum siðbótarinnar fyrir að hafa staðið í vegi fyrir þessu og í stað hæfra manna hafi þeir vígt „grófa asna“, sem valdi ekki boðuninni hvað þá að þeir huggi hrellda samvisku.²⁷

Í 5. grein Ágsborgarjåtningarinnar er hnykkt á að boðun fagnaðarerindisins og veiting sakramentanna séu þau tæki sem heilagur andi noti til að vekja og styrkja trú manna, en þar sem og þegar Guði þóknast, þ.e.a.s. „í þeim sem heyra fagnaðarerindið, sem fjallar um, að Guð, ekki vegna vorra verðleika, heldur vegna Krists, réttlætir þá sem trúa, að þeir séu teknir til náðar vegna Krists.“²⁸ Í boðun fagnaðarerindisins og veitingu sakramentanna skapar Guð rými fyrir manninn þar sem hann getur mætt honum. Þetta mætti orða á þann máta að hlutverk þess er sinnir prédikunarembættinu sé að fræða um eðli og inntak fagnaðarerindisins, en það sé Guðs eins að virkja trúna. Prédikarans er að túlka, fræða og heimfæra

²⁰ *Die Bekenntnisschriften der evangelisch-lutherischen Kirche*, 8. útg., Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht, 1979, bls. 449. Hér eftir skammstafað BSLK.

²¹ *WA* 30/II, 579–580.

²² Ulrich H.J. Körtner, „Kirchenleitung und Episkopé“, bls. 220–223.

²³ Sama rit, bls. 224–228.

²⁴ „Ágsborgarjåtningin“, bls. 206; BSLK, bls. 69.

²⁵ BSLK, bls. 297–298.

²⁶ Sama rit, bls. 297.

²⁷ Sama rit, bls. 397.

²⁸ „Ágsborgarjåtningin“, bls. 183.

en Guðs að frelsa manninn. Í Ágsborgarjátningunni er þannig greint hvert inntak embættisins sé og hver mörk þess séu. Þess vegna er í 5. greininni að finna gagnrýni á endurskírendur sem virða einmitt ekki þennan mun.

Í játningunni er aftur á móti ekki að finna útfærslu á uppbyggingu kirkjunnar sem stofnunar. Þar er bara fjallað um inntak prestsembættisins og frelsi mannsins til að móta farvegi fyrir það í samfélagi trúaðra en sjálfa umgjörðina er að finna í einstökum söfnum og kirkjunni sem stofnun.²⁹

Biskupsembættið að evangelísk-lútherskum skilningi

Ef hugað er að skilningi evangelísk-lúthersku kirkjunnar á biskupsembættinu er nauðsynlegt að skoða hvað stendur um það í játningarritum hennar þ.á m. Ágsborgarjátningunni og þeim ritum sem henni tengjast.³⁰ Þegar þessir textar eru rannsakaðir ber að gæta þess, að þeir taka mið af biskupsembætti samtíðar sinnar og þar með þeim forréttindum, réttindum og skyldum sem bundnar voru embættinu á þeim tíma sem áður var lýst. Í játningunni er fyrst gerð grein fyrir eðli prédikunarembættisins og síðan biskupsembættinu sem útfærslu þess. Það útskýrir gagnrýnina á biskupsembættið í áður nefndum textum. Á tímum siðbótarrinnar var ekki til staðar nein heildarkenning um eðli og umfang biskupsembættisins í kaþólsku kirkjunni. Hún var fyrst sett fram innan rómversk-kaþólsku kirkjunnar eftir langa þróun í textum Annars Vatíkansþingsins um kirkjuna í „Lumen gentium“ frá 21. nóv. 1964.³¹ Í Ágsborgarjátningunni er fyrst og fremst fjallað um kenni- og skipunarvald biskupa (lat. *potestates jurisdictionis; potestates ordinis*). Þar er ekkert sagt um óslitna postullega vígsluröð biskupa sem siðbótarmenn höfðu.³²

Samkvæmt ofangreindum ritum siðbótarmanna er mikið fjallað um þá viðleitni biskupa að réttlæta stöðu og vald sitt með tilvísun í ritningartexta. Fyrir valinu verða gjarnan staðir þar sem postulunum eða lærisveinum er veitt vald eða kennivald af Jesú, sem biskupar tengja beint við sjálfa sig og embætti sitt.³³ Gegn þessari túlkun mælir margt, segja siðbótarmenn. Í fyrsta lagi er í þessum textum ekki verið að setja reglur um alla framtíð, hvað þá að veita almennt vald, heldur sé um að ræða almenna tilskipun um að boða fagnaðarerindið og veita skriftaþjónustu.³⁴ Vonlaust verk sé að leiða af þessum ritningarstöðum hugmyndir um rétt biskupa t.d. til að skilgreina hvað sé dauðasynd og hvað ekki. Hvað þá að biskupar hafi vald til að setja lög og reglur sem söfnum beri að lúta og hóta þeim banni sé þeim ekki fylgt.³⁵

²⁹ Sbr. 23. grein. „Ágsborgarjátningin“, bls. 228.

³⁰ Um er að ræða önnur rit Filippusar Melanchtons sem tók Ágsborgarjátninguna, saman, þ.e. „Apologie der Konfession“ í *BSLK*, bls. 140–404, og „De potestate et primatu papae tractatus“ í *BSLK*, bls. 469–498. Sjá þýðingu Sveins Valgeirssonar, „Ritgerð um páfans vald og forræði“, *Glíman* 4/2007, bls. 213–228. Þess ber að gæta að þessi rit hafa vægi játningar innan Lúthersku kirkjunnar í Þýskalandi.

³¹ Textann er að finna í enskri þýðingu á „Dogmatic Constitution On The Church *Lumen Gentium*: Solemnly Promulgated By His Holiness, Pope Paul VI on November 21, 1964“, *Vatican.va*, sótt 12. október 2016 af http://www.vatican.va/archive/hist_councils/ii_vatican_council/documents/vat-ii_const_19641121_lumen-gentium_en.html.

³² Friederike Nüssel, „Zum Verständnis des evangelischen Bischofsamtes“, bls. 159–163.

³³ „Og er hann hafði sagt þetta andaði hann á þá og sagði: „Meðtakið heilagan anda. Ef þér fyrirgefð einhverjum syndirnar fyrirgefur Guð þær. Ef þér synjið einhverjum fyrirgefningar synjar Guð þeim.“ Jóh 20.22–23. „Sá sem á yður hlýðir hlýðir á mig og sá sem hafnar yður hafnar mér. En sá sem hafnar mér hafnar þeim er sendi mig.“ Lúk 10.16.

³⁴ *BSLK*, bls. 400–402.

³⁵ Sama rit, bls. 127.

Í annan stað benda siðbótarmenn á að þessar ritningargreinar fjalli um vald sem kirkjunni allri er veitt eða söfnuði trúaðra í krafti almenns prestsdóms, en ekki sérstöku embætti.³⁶ Allir skírðir hafa lyklavaldið og vald til að fyrirgefa syndir en innan safnaðarins, við embættisverk og í guðþjónustum, er venjan þó sú að vissum aðila er falið að sinna því fyrir söfnuðinn. Ef hans nýtur ekki við, þá er það hvers safnaðarmeðlims að sinna lyklavaldinu.³⁷ Í kristni er ekki til einhver andleg staða, æðri en sú sem hver kristinn einstaklingur öðlast í skírn. Sérstakt prestsembætti er stofnað til að tryggja reglulega boðun og veitingu sakramenta. Það embætti er leitt af almennum prestdómi og er rökleg afleiðing hans.³⁸ Embættið hefur því ekkert að gera með sérstaka vígslu, sem hefur það markmið að hefja prest og/eða biskup yfir söfnuðinn eða aðgreina hann frá honum. Prests- og biskupsembættin eru mun fremur útfærsla á hinum almenna prestdómi og bæta engu sérstöku við hann. Hér ráða hagnýt sjónarmið ferðinni.³⁹

Í játningarritum evangelísk-lúthersku kirkjunnar eru sígild hlutverk biskups (lat. *potestas jurisdictionis* og *potestas ordinis*) löguð að áherslum siðbótarinnar. Samkvæmt rómversk-kaþólskri kenningu snýr vígsluvald biskupa, þ.e. *potestas ordinis*, að vígslu presta, kirkna, sakramentis o.s.frv. En *potestates jurisdictionis* snýr að kenningunni og lyklavaldinu m.a. annars í sálusorgun.⁴⁰ Melanchton tengir þessi hlutverk saman í skýringum sínum við Ágsborgarjåtninguna og segir: „Þannig ber biskupi [...] að boða fagnaðarerindið og veita sakramentin. Hann hefur einnig vald til að beita aga og má útiloka úr kristnum söfnuði þá sem gerast sekir um alvarleg brot og taka aftur inn þá sem iðrast hafa.“⁴¹ Um vígsluvald biskupa er ekki sérstaklega fjallað en áherslan er skýr og hvílir á prédikunarembættinu, veitingu sakramenta og lyklavaldinu, þ.á m. á hlutverki biskups sem sálusorgara. Vígsluvald biskupa, m.a. innsetning presta í embætti, er hér samofið prédikunarembættinu.⁴² Þessi skilningur liggur til grundvallar 28. grein Ágsborgarjåtningarinnar, en þar segir að biskupsvaldið „sé samkvæmt fagnaðarerindinu vald eða boð frá Guði um að prédika fagnaðarerindið, leysa og binda syndina og þjóna með sakramentunum.“⁴³ Í riti Melanchtons *Ritgerð um páfjans vald og forræði* er hnykkt á þeim skilningi að enginn eðlismunur sé á embætti biskups og prests. Munurinn á embættunum er hagræðingar vegna og byggist á mannlegri skipan.⁴⁴ Prestsvígsla er því kirkjuréttarleg athöfn og staðfesting á vali safnaðarins. Ef biskupar verða ekki við ósk safnaðarins um að setja inn í embætti eða vígja viðkomandi, þá hafa safnaðarmeðlimir rétt til að setja eða vígja hann eða hana í embætti.⁴⁵

Hlutverk biskupa og presta er að sjá til þess að prédikunarembættinu sé sinnt með því að tryggja reglu og almennt starf safnaðarins. Þetta á sérstaklega við um guðþjónustuhald á sunnudögum og öðrum helgum dögum. Í 28. grein Ágsborgarjåtningarinnar segir því: „Hvað á þá að segja um drottinsdaginn og álíka kirkjusiði? Því svara þeir til, að biskupum eða prestum sé leyfilegt að setja skipanir, til þess að allt fari skipulega fram í kirkjunni, en ekki til þess að vér fullnægjum fyrir syndirnar með þeim eða samviska manna sé skylduð til

³⁶ Sama rit, bls. 491.

³⁷ Sama rit, bls. 491.

³⁸ Sjá nánar Sigurjón Árni Eyjólfsson, „Prestsembættið að evangelísk-lútherskum skilningi“, bls. 152–183.

³⁹ Harald Goertz, *Allgemeines Priestertum und ordiniertes Amt bei Luther*, Marburg: N.G. Verlag, 1997, bls. 303.

⁴⁰ Henricus Denzinger og Adolfus Schönmetzer (ritstj.), *Enchiridion Symbolorum: Definitionum et declarationum de rebus fidei et morum*, 36. útg., Freiburg: Herder, 1976, bls. 3050–3075.

⁴¹ *BSLK*, bls. 400.

⁴² Reiner Preul, *Kirchentheorie*, Berlín: Walter de Gruyter, 1997, bls. 94.

⁴³ *BSLK*, bls. 121; „Ágsborgarjåtningin“, bls. 244.

⁴⁴ *BSLK*, bls. 490–493.

⁴⁵ Sama rit, bls. 491.

að álíta, að þær séu nauðsynleg guðsdýrkun [...] Söfnuðunum sámir að gæta slíkra tilskipana vegna kærleikans og friðarins og halda þær, til þess að enginn hneyksli annan, en allt fari skipulega fram í söfnuðinum og án ófriðar. Umfram allt má ekki íþyngja samvisku manna með því að halda þeim fram sem nauðsynlegum til sálhjálpar“.⁴⁶ Vissulega hafa biskuparnir veraldlegt vald en þar lúta þeir þeim reglum og venjum sem um það gilda á hverjum tíma. Þar er þó aðallega litið til laga og reglna sem tengjast kirkjunni varðandi hjónabandið o.s.frv. og tekið fram að eigi megi rugla þeim saman við svið fagnaðar-erindisins⁴⁷ í samræmi við tveggjaríkjakeninguna.

Í játningarritunum er prédikunarembættið mælikvarði og farvegur biskupsembættisins. Biskupar hafa því ekkert sérstakt andlegt vald eða umboð fram yfir það. Þess vegna er í kirkjuskipunum evangelísk-lúthersku kirkjunnar í Þýskalandi tekið fram að biskupsembættið sé prestsembætti og leitt af almennum prestsdómi.⁴⁸

Umfjöllun Lúthers um biskupsembættið

Lúther kemur oft inn á eðli og hlutverk biskupsembættisins í skrifum sínum. Það gefur að skilja að athugasemdir hans eru litaðar af þeirri umræðu, þeim aðstæðum og átökum sem hann á í. Hér er ætlunin að veita eilíta innsýn í þessi skrif og reyna að draga fram nokkrar útlínur í skilningi hans á embættinu.⁴⁹

Í riti Lúthers *Til hins kristna aðals* frá 1520⁵⁰ er fjallað um biskupsembættið og vísað til Ritningarinnar og í umfjöllun Híerónýmúsar (d. 420).⁵¹ Þar er Lúther að vinna með sömu texta og vitnað var í hér að framan⁵² og ber túlkun hans merki þeirra átaka sem hann átti í á þeim tíma. Eins og í öðrum siðbótarritum sem hér hefur verið fjallað um leggur hann þunga áherslu á biskupsembættið sem prédikunarembætti og jafnframt möguleika klerka og þ.a.l. biskupa til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu. Hann leggur mikið upp úr því að í ritningunni komi fram að Kristur og síðar postularnir lögðu svo fyrir, að hver borg skyldi hafa sinn prest eða biskup sem söfnuðurinn veldi. Í Nýja testamentinu, segir Lúther, sé biskupsembættið svo samofið prestsembættinu að, „prestur og biskup eru eitt og hið sama.“⁵³ Samkvæmt ritningunni megi biskupar hafa með sér aðra presta og djákna sem hjálpa honum að stjórna söfnuðinum með prédikun og veitingu sakramenta. Sömuleiðis tekur hann fram að í Tít 1.5–6 og 1Tím 3.2 komi fram að prestar eða biskupar eigi maka og skuli vera fyrirmyndir innan safnaða. Í samtíð Lúthers skipti hér sköpum að Nýja testamentið gerir ráð fyrir að prestar og/eða biskupar megi ganga í hjónaband eða séu kvæntir. „En um biskupana í þeirri mynd, sem þeir eru núna, segir Ritningin ekkert, heldur er embætti þeirra mótað af þeirri almennu kristilegu venju að einn maður stjórni mörgum kirkjusóknum“.⁵⁴ Í einni ritdeilu dregur Lúther fram að samkvæmt Postulasöggunni (Post

⁴⁶ BSLK, bls. 129; „Ágsborgarjåtningin“, bls. 248–249.

⁴⁷ BSLK, bls. 494.

⁴⁸ Reiner Preul, *Kirchentheorie*, bls. 95.

⁴⁹ Góða umfjöllun um þetta efni, sem hér er stuðst við, er að finna í greinasafninu *Martin Luther und das Bischofsamt*, ritstj. Martin Brecht, Stuttgart: Calwer Verlag, 1990, og í Gerhard Tröger, „III: Das evangelische Bischofsamt“, *Theologische Realenzyklopädie* 6, Berlín: De Gruyter, 1980, bls. 690–694.

⁵⁰ Marteinn Lúther, *An den christlichen Adel deutscher Nation*, WA 6, 404–465; Marteinn Lúther, *Til hins kristna aðals*, íslensk þýðing og inngangur Vilborg Auður Ísleifsdóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2012.

⁵¹ Heinz-Meinhold Stamm, „Luthers Berufungen auf die Vorstellungen des Hieronymus vom Bischofsamt“, *Martin Luther und das Bischofsamt*, bls. 27–65.

⁵² Sjá hér að framan í „Biskupar í Nýja testamentinu“.

⁵³ Marteinn Lúther, *Til hins kristna aðals*, 121; WA 6, 440.

⁵⁴ Marteinn Lúther, *Til hins kristna aðals*, 122; WA 6, 441.

20.27–28) sé prédikunarembættið inntak þess starfs sem öldungar, prestar og biskupar sinna innan safnaðarins. Hér er sem sé um sama embættið að ræða þótt útfærsla þess geti verið á ýmsa vegu. Að greina á milli embætta kirkjunnar með einhvers konar stigveldishugmyndum er þar með andstætt vitnisburði Ritningarinnar.⁵⁵

Í röksemdafærslum sínum grípur Lúther til almenns prestdóms sem forsendu prests- og biskupsembættisins en dregur einnig fram að embættið sé sérstaklega stofnað af Guði (Tít 1.5–7) og greinilega sé gert ráð fyrir að margir biskupar starfi í einni borg (Post 20.28; Fil 1.1). Slíkt mæli gegn valdakerfi páfadóms. Í Ritningunni komi fram að það séu ekki stofnanir eins og kirkjan eða háskólar sem velji og skipi í embættin, heldur heilagur andi. Hann sjái til þess að söfnuðir öðlist dugandi menn og nýti að sjálfsögðu til þess stofnanir kirkjunnar og háskóla.⁵⁶ Afgerandi er þó að Ritningin kenni að biskupsembættið er ekki embætti valds og valdboðs sem sett sé yfir kristið fólk, það er embætti hirðis sem tryggir boðun og veitingu sakramenta (1Pét 5.1–4; Lúk 22.24–30). Kirkjan sem andlegt ríki Krists er eðlisólík ríkjum heimsins þó að stofnanir hennar lúti svipuðum lögmálum og þau.

Guðfræðingurinn Martin Brecht dregur áherslur Lúthers saman og segir að að mati hans séu „[k]ristnir biskupar virðulegir eldri menn, giftir, jafnvel leikmenn, en lærðir í Guðs orði og sannleika. Sérstakur munur á leikum og lærðum er ekki til staðar hjá honum.“⁵⁷ Val á biskupum er því í höndum safnaða, presta og annarra biskupa í umboði safnaða. Lúther er sannfærður um að fylgja hér venjum fornkirkjunnar en túlkun hennar er í greinilegri andstöðu við þá valdstjórn sem búið var að binda við biskupsembættið á siðbótartímanum.

Lúther fjallar einnig um umsjónarstarf biskups með söfnuðum og prestum. Það embætti er starf hirðis sem fyrirmyndar og ekki öllum gefið.⁵⁸ Lúther telur eitt meginhlutverk biskups að gæta kenningarinnar og sjá til þess að fagnaðarerindið sé réttilega boðað af þjónum kirkjunnar. Þeir þurfa að verja söfnuðinn fyrir boðskap sem er í andstöðu við fagnaðarerindið og beita agameðulum innan kirkjunnar í því skyni. Það krefst af biskupum að þeir séu vel að sér í Ritningunni, í ritskýringu og kenningunni. Lúther gerir ráð fyrir að biskup eigi að kalla til aðila sem geta stutt hann í þjónustu við söfnuðina ef hann er ekki öruggur á einhverju sviði starfs síns. Lúther fylgir hér í meginatriðum þeim áherslum sem koma fram í Ágsborgarjåtningunni.⁵⁹

Af ofangreindu er ljóst — samkvæmt Ágsborgarjåtningunni og Marteini Lúther sem merkum fulltrúa úr hópi guðfræðinga siðbótarinnar — að biskup er ekki staðgengill Krists, heldur fylgir Kristi eins og allir trúaðir. Samkvæmt Lúther og Ágsborgarjåtningunni er biskupsembættið prestsembætti. Eitt meginverkefni siðbótarinnar á sínum tíma var að gera skýran greinarmun á þessu hlutverki og öllu veraldarvafstrinu sem einkennt hafði biskupa þess tíma (Ágsborgarjåtningin 28). Í ljósi þess væri rétt að binda starf biskups við boðun og eftirlit (vísitasíur) og ítreka stöðu biskups sem *tilsjónarmanns* sem hafi það verkefni að tryggja að innan kirkjunnar sé orðið boðað og sakramentunum útdeilt með réttum hætti (sbr. 5. og 14. gr. Ágsborgarjåtningarinnar). Þetta eru meginstöðir biskupsembættisins sem þarf að laga að aðstæðum samtímans hverju sinni.

⁵⁵ WA 7, 628–632.

⁵⁶ WA 8, 426–431.

⁵⁷ Martin Brecht, „Die exegetische Begründung des Bischofsamtes“, *Martin Luther und das Bischofsamt*, bls. 12.

⁵⁸ WA 12, 386–387.

⁵⁹ WA 25, 16–31; WA 26, 49–59.

Lokaorð: Frá teorii til veruleika

Á umliðnum áratugum hefur kirkjan þurft að mæta nýjum viðfangsefnum, tímarnir hafa breyst, þjóðkirkjufólki fækkar. Þess vegna hefur kirkjan þurft að skilgreina sig í vaxandi mæli sem ein af mörgum stofnunum samfélagsins, ólíkt því sem áður var þegar litið var á þjóð og þjóðkirkju sem eina samstæða heild.⁶⁰ Í ljósi þessarar þróunar og þess sem rakið hefur verið hér að framan má spyrja hvort ekki megi fela öðrum sum þeirra verkefna sem alltaf eru tengd biskupi, t.d. daglegan rekstur, stjórnun o.s.frv. Slík verkaskipting og valddreifing samræmist nútímaþjóðfélagsgerð og evangelísk-lútherskri trú, þar sem gengið er út frá fjölbreytileika í stjórnarháttum og ytra fyrirkomulagi kirkjunnar. Verkefni kristinna manna er ætíð hið sama: að koma inntaki fagnaðarerindisins um Krist skýrt á framfæri í orði og verki. Það getur þjóðkirkjan einungis gert í gegnum samræðu við samtímamann, samræðu sem biskup Íslands á að hvetja til og styðja. Því er nauðsynlegt að draga úr óraunhæfum væntingum og beina sjónum að því sem embættið á að standa fyrir samkvæmt þeirri túlkun ritningarinnar sem birtist í játningum evangelísk-lútherskrar kirkju.

Þjóðkirkjufólk þarf að taka afstöðu til þessa guðfræðilega grundvallar og þeirrar útfærslu sem samtíminn kallar eftir. Hér stendur kirkjan ekki ein. Á tímum Lúthers var gripið til þeirra stjórnunarháttanna sem þá voru í mestum blóma og furstarnir, sem voru leikmenn, voru gerðir að biskupum til þess að stjórna kirkjunni. Að mörgu leyti leystu þeir það verkefni vel af hendi. Í upphafi 19. aldar aðlagði Friedrich D.E. Schleiermacher (1768–1834) þessar hugmyndir að lýðræðisþróun og þjóðernisstefnu og hið sama gerði íslenska þjóðkirkjan á 20. öld. Í þeim samtíma sem kirkjan stendur í getur hún óhrædd gripið til ríkrar biblíulegrar hefðar og útfærslu hennar í aldanna rás án þess þó að gleyma því að allar þessar útfærslur eru sögulega skilyrtar. Af því leiðir að kirkjan sem samfélag trúaðra eða þjóðkirkja getur ekki höfðað til horfinnar fortíðar til að fría sig ábyrgð af því að móta stefnu og stjórnun kirkjunnar sem tekur mið af veruleika samtímans. Það er kirkjunnar að taka hér frumkvæðið. Hún hefur ekki lengur neinn fursta til að halla sér að eða ríkisvald sem sér um hennar mál og þaðan af síður er rétt að varpa vandamálinu í fang biskups sem á að leysa allan vanda. Biskupsembættið sameinar ekki prests-, konungs-, og spámannsembætti Krists heldur byggist á prédikunarembættinu eins og öll embætti kirkjunnar. Verkefnið snýr að öllum meðlimum þjóðkirkjunnar, bæði í söfnuðum, kirkjustjórn eða hvar svo sem þeir kjósa að staðsetja sig.

⁶⁰ Um þessa þróun sjá einkum bók Sigurjóns Árna, *Trú, von og þjóð*.